



Samningur um framkvæmd Sjóvá Kvannahlaups ÍSí

Íþróttasamband Íslands (ÍSí) og UMF Stjarnan gera með sér eftirfarandi samning vegna framkvæmdar Sjóvá Kvannahlaups ÍSí í Garðabæ.

1. Hlutur UMF Stjörnunnar

- 1.1. Stjarnan tekur að sér að halda Sjóvá Kvannahlaup ÍSí í Garðabæ. Stjarnan ber ábyrgð á að hlaupið sé undirbúið og framkvæmt þannig að vel megi til takast. ÍSí tilnefnir fulltrúa sinn í undirbúningshóp Stjörnunnar vegna Sjóvá Kvannahlaups ÍSí í Garðabæ.
- 1.2. Þátttökugjald í Sjóvá Kvannahlaupi ÍSí er samræmt um allt land og er háð ákvörðun Kvannahlaupsnefndar ÍSí og samþykki framkvæmdastjórnar ÍSí. Stjarnan kaupir boli og verðlaunapeninga með borða af ÍSí og greiðir 78% af hverju þátttökugjaldi. Pantanir skulu berast fjórum vikum fyrir hlaupadag. Hægt er að bæta við pöntun og skipta út stærðum síðar með sérstöku samkomulagi aðila. Reynist pöntunin of stór og Stjarnan situr uppi með boli skal Stjarnan greiða ÍSí 22% af þátttökugjaldi fyrir hvern bol sem umfram er.
- 1.3. Stjarnan sér um undirbúning og framkvæmd Sjóvá Kvannahlaups ÍSí í Garðabæ þ.m.t. forsetu á höfuðborgarsvæðinu, að Mosfellsbæ undanskildum.
- 1.4. Stjörnuni er heimilt að auglýsa aðra styrktaraðila en helstu styrktaraðila ÍSí í tengslum við hlaupið t.d. á hlaupabrautinni og í staðbundnum fjölmiðlum líkt og Garðapóstinum og Kópavogspóstinum. Heimilt er að hafa borða og fána frá Stjörnuni, Garðabæ og styrktaraðilum hlaupsins í Garðabæ á eins mörgum stöðum og því verður viðkomið. Þessir auglýsendur mega þó ekki vera í beinni samkeppni við helstu styrktaraðila hlaupsins. Stjarnan þarf að fá samþykki fyrir auglýsendunum frá ÍSí.
- 1.5. Ef hagnaður verður af framkvæmd Sjóvá Kvannahlaups ÍSí í Garðabæ skal hann renna til verkefna hjá Stjörnuni.
- 1.6. ÍSí er heimilt, í samstarfi við Stjörnuna, að hafa kynningarbása frá samstarfsaðilum Sjóvá Kvannahlaups ÍSí á hlaupasvæðinu í Garðabæ. Samstarfsaðilinn setur upp básinn í samstarfi við framkvæmdaaðila Sjóvá Kvannahlaups ÍSí í Garðabæ.

2. Hlutur ÍSÍ

- 2.1. ÍSÍ sér um alla samninga vegna kaupa á bolum og verðlaunapeningum Sjóvá Kvennahlaups ÍSÍ og áframselur til Stjörnunnar.
- 2.2. ÍSÍ stýrir kynningarmálum Sjóvá Kvennahlaups ÍSÍ og fær allar tekjur af samningum sem þeim tengjast. 1 heilsíðuauglýsing í stærstu dagblöðum landsins munu vekja sérstaklega athygli á Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ í Garðabæ.
- 2.3. ÍSÍ skuldbindur sig til að halda ekki annað Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ á höfuðborgarsvæðinu, að Mosfellsbæ og Viðey undanskildum.

Öll formleg samskipti og uppgjör milli aðila þessa samnings skulu fara fram á milli framkvæmdastjóra Stjörnunnar og framkvæmdastjóra ÍSÍ eða aðila sem þeir tilnefna.

Forsenda fyrir samningi þessum er árlegt framlag Garðabæjar, 1.500.000 kr þar sem 400.000 rennur til ÍSÍ upp í kynningarkostnað þar sem hlaupið í Garðabæ fær sterkan sýnileika í kynningarefni hlaupsins og 1.100.000 til Stjörnunnar til að annast framkvæmd hlaupsins.

Auk þess styrkir Garðabær hlaupið með því að veita Stjörnunni þjónustu til framkvæmdar á hlaupinu t.d. með láni og uppstillingu á hljóðkerfi, þjónustu áhaldahúss vegna merkinga á hlaupabraut, lokunar gatna og fleira.

Samningurinn gildir frá undirritun til 19. ágúst 2018. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu og skal uppsögn hans miðast við 19. ágúst ár hvert.

Reykjavík xxxx janúar 2016

F.h. Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

F.h. UMF Stjörnunnar

Líney Rut Halldórsdóttir

Sigurður Bjarnason

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir